

- 129 15. Brot gegn þessum reglum varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri
1. júní refsing liggi við samkvæmt lögum. Nú leikur rökstuddur grunur á um það,
að brot hafi verið framið í skipi, og er þá heimilt að loka stöðinni tafarlaust,
þar til málinu er lokið, afturkalla leyfisbréf og starfsskirteini, og sé brotið
alvarlegt eða ítrekað, að synja skipinu um leyfi til siglinga til útlanda.
16. Framangreindar reglur ganga þegar í stað í gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur
um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum, útgefnar af
póst- og símamálastjórninni 1. okt. 1941.

Póst- og símamálastjórnin, 1. júní 1943.

Guðmundur Hlíðdal.

Friðbjörn Aðalsteinsson.

130

2. júní

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sölu og úthlutun á nokkrum kornvörutegundum
frá 18. sept. 1940.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bannað er að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, haframjöl, hrísgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur nema fódurbygg, hafra og fódurmais, enn fremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar eða öðrum innkaupsheimildum frá skömmtunaryfirvöldum.

Óheimilt er verzlunum og brauðgerðarhúsum að taka við öðrum eða fleiri matvæla-seðlum eða reitum af þeim, en þær afgreiða samtímis vörur út á.

Það telst og brot á reglugerð þessari að kaupa vörur þær, er taldar eru í 1. mgr. þessarar greinar, án þess samtímis sé skilað reitum af matvæla-seðli eða annarri löglegri innkaupsheimild.

2. gr.

Aftan við 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Bannað er að selja eða láta af hendi matvæla-seðla eða aðrar innkaupsheimildir fyrir peninga eða önnur verðmæti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. júní 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.